

Malta	3
Moldóva	5
Holland	7
Noregur	5
Pólland	12
Portúgal	7
Rúmenía	10
Rússland	18
San Maríno	2
Serbía og Svartfjallaland	7
Slóvakía	5
Slóvenía	3
Spánn	12
Svíþjóð	6
Sviss	6
Makedónía	3
Tyrkland	12
Úkraña	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra- Bretlands og Norður Írlands	18“

Malta	3
Moldova	5
Netherlands	7
Norway	5
Poland	12
Portugal	7
Romania	10
Russia	18
San Marino	2
Serbia and Montenegro	7
Slovak Republic	5
Slovenia	3
Spain	12
Sweden	6
Switzerland	6
“the former Yugoslav Republic of Macedonia”	3
Turkey	12
Ukraine	12
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

AUGLÝSING

um samning við Litháen um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Litháens um eflingu og gagnkvæma vernd fjárfestinga, sem gerður var í Vilnús 20. ágúst 2002, öðlaðist gildi 18. apríl 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Lýðveldisins Íslands og Lýðveldisins
Litháens um eflingu og gagnkvæma
vernd fjárfestinga.

Lýðveldið Ísland og Lýðveldið Litháen (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“),

sem vilja auka samvinnu á sviði efnahagsmála til hagsbóta fyrir báða samningsaðila,

sem hyggjast skapa og viðhalda hagstæðum skilyrðum fyrir fjárfestingar fjárfesta annars samningsaðilans á landsvæði hins, og

sem gera sér grein fyrir að efling og gagnkvæm vernd fjárfestinga, samkvæmt skilmálum samnings þessa, örva framtakssemi í viðskiptum á þessu sviði,

hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

I. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „Fjárfesting“ merkir hvers konar eign sem fjárfestir annars samningsaðilans fjárfestir með í tengslum við atvinnustarfssemi á landsvæði hins samningsaðilans í samræmi við lög hins síðarnefnda og skal einkum, en þó ekki eingöngu, ná yfir:
 - a) lausafé og fasteignir og réttindi sem af þeim leiðir, eins og leigumála, veðréttindi, veðbönd eða tryggingar;
 - b) eignarhluta, hlutafé og hvers kyns aðra þátttöku í félagi;
 - c) fjárkröfur eða kröfur um efndir samkvæmt samningi sem hafa fjárhagslegt gildi í tengslum við fjárfestingu eða ágóða sem er endurfjárfestur;
 - d) hugverkaréttindi, það er vörumerki, einkaleyfi, skráðan hönnunarrétt, höfundarrétt, réttindi á sviði svæðislýsinga hálfleiðara og réttindi á sviði plöntuafbrigða í tengslum við fjárfestingu;
 - e) hvers kyns réttindi samkvæmt lögum eða samningi og hvers kyns leyfi og heimildir lögum samkvæmt, meðal annars sérleyfi til að leita að náttúruauðlindum, vinna þær, rækta eða nýta.
- Breytingar á fjárfestingarformi eigna skulu engin áhrif hafa á eðli þeirra sem fjárfestinga.

AGREEMENT
between the Republic of Iceland and the
Republic of Lithuania for the Promotion and
Reciprocal Protection of Investments

The Republic of Iceland and the Republic of Lithuania (hereinafter referred to as the “Contracting Parties”),

Desiring to develop economic co-operation to the mutual benefit of both Contracting Parties,

Intending to create and maintain favourable conditions for investments of investors of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party, and

Conscious that the promotion and reciprocal protection of investments in terms of this Agreement stimulates the business initiatives in this field,

Have agreed as follows:

Article I
Definitions

For the purposes of this Agreement:

1. The term “investment” shall mean every kind of asset invested in connection with economic activities by an investor of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party in accordance with the legislation of the latter and shall include, in particular, though not exclusively:
 - a) movable and immovable property and derived rights, such as leases, mortgages, liens or pledges;
 - b) shares, stocks and any other form of participation in a company;
 - c) claims to money or to any performance under contract having a financial value associated with an investment or returns reinvested;
 - d) intellectual property rights, which mean trademarks, patents, registered design rights, copyright, semiconductor topographies rights and plant varieties rights associated with an investment;
 - e) any right conferred by laws or under contract and any licenses and permits pursuant to laws, including the concessions to search for, extract, cultivate or exploit natural resources.

Any alteration of the form in which assets are invested shall not affect their character as investment.

2. „Fjárfestir“ merkir, hvað snertir hvorn samningsaðila, eftirtalda aðila sem fjárfesta á landsvæði hins samningsaðilans í samræmi við lög hans og ákvæði samnings þessa:
 - a) einstakling sem hefur ríkisfang eða fasta búsetu hjá öðrum samningsaðila í samræmi við lög hans; eða
 - b) lögaðila, til dæmis félag, hlutafélag, fyrirtæki, samlag, viðskiptasamtök, stofnun eða samtök, sem hefur verið skráður eða stofnaður í samræmi við lög viðkomandi samningsaðila, hvort sem er í hagnaðarskyni eður ei og hvort sem um takmarkaða ábyrgð hans er að ræða eður ei.
3. „Landsvæði“:
 - a) merkir, að því er varðar Lýðveldið Litáæn, yfirráðasvæði á landi, innsævi og landhelgi og loftrymi þar yfir, ásamt hafsvæðum utan landhelgi, þar með talinn hafsbotninn og botnlög, þar sem Lýðveldið Litáæn hefur fullveldisréttindi eða lögsögu samkvæmt landslögum og þjóðarétti;
 - b) merkir, að því er varðar Lýðveldið Ísland, landsvæði Lýðveldisins Íslands, þar með talin landhelgin og sérhver það hafsvæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra.
2. The term “investor” means, for either Contracting Party, the following entities who invest in the territory of the other Contracting Party in accordance with the laws of the latter Contracting Party and the provisions of this Agreement:
 - a) any natural person who is a national or permanent resident of either Contracting Party in accordance with its laws; or
 - b) any legal entity such as a company, corporation, firm, partnership, business association, institution or organisation, incorporated or constituted in accordance with the legislation of the Contracting Party, whether or not for profit and whether its liabilities are limited or not.
3. The term “territory” shall mean:
 - a) in respect of the Republic of Lithuania, the land territory, internal waters and territorial sea and the airspace above them, as well as the maritime zones beyond the territorial sea, including the seabed and subsoil, over which the Republic of Lithuania exercises sovereign rights or jurisdiction in accordance with its national legislation and international law;
 - b) in respect of the Republic of Iceland, the territory of the Republic of Iceland including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which the Republic of Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the seabed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources.

2. gr.

Efling og vernd fjárfestinga.

1. Hvor samningsaðili skal stuðla að og skapa hagstæð skilyrði fyrir því að fjárfestar hins samningsaðilans geti fjárfest á landsvæði hans og skal leyfa slíkar fjárfestingar í samræmi við lög sín.
2. Ávallt skal gæta sanngirni og jafnræðis hvað snertir meðferð fjárfestinga fjárfesta hvors samningsaðila og skulu þær njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins samningsaðilans. Hvorugur samningsaðili skal grípa til óréttmætra aðgerða eða aðgerða sem valda mismunun að því er varðar umsýslu, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjár-

Article 2

Promotion and Protection of Investments

1. Each Contracting Party shall encourage and create favourable conditions for investors of the other Contracting Party to make investments in its territory and shall admit such investments in accordance with its legislation.
2. Investments of investors of either Contracting Party shall at all times be accorded fair and equitable treatment and shall enjoy full protection and security in the territory of the other Contracting Party. Neither Contracting Party shall impede investors of the other Contracting Party by unreasonable or discriminatory measures in its territory as

festinga fjárfesta hins samningsaðilans á landsvæði sínu.

3. gr.

Innlend meðferð og bestukjaramedferð.

1. Hvor samningsaðili skal á landsvæði sínu gæta sanngirni og jafnræðis hvað snertir fjárfestingar og ágóða fjárfesta hins samningsaðilans sem skulu ekki hljóta óhagstæðari meðferð en hann veitir fjárfestingum og ágóða eigin fjárfesta eða fjárfestingum og ágóða fjárfesta hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðari.
2. Hvor samningsaðili skal á landsvæði sínu veita fjárfestum hins samningsaðilans sanngjarna og jafna meðferð, hvað snertir umsýslu, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfestinga þeirra, sem er ekki óhagstæðari en sú meðferð sem hann veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er og skal miða við þá meðferð sem er hagstæðari.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal ekki túlka þannig að öðrum samningsaðila sé skylt að veita fjárfestum hins og fjárfestingum þeirra sérréttindi sem ríkisborgarar eða fjárfestingar ríkisborgara hvaða þriðja ríkis sem er njóta á grundvelli samnings um stofnun fríverslunarsvæðis, tollabandalags, sameiginlegs markaðar, sameiginlegs vinnu-markaðar eða um að koma á svæðisbundnum efnahagslegum samruna.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki um ráðstafanir í skattamálum. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi og skyldur hvors samningsaðila um sig sem leiðir af samningum um skattamál. Ef ákvæði samnings þessa stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda framur.

4. gr.

Koma og tímabundin dvöl.

1. Með fyrirvara um beitingu laga, reglna og málsmæðferðarreglna annars hvors samningsaðilans skulu samningsaðilar, hvor um sig, veita bráðabirgðaleyfi til komu og dvalar og til þess að stunda atvinnu og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl til handa einstaklingi frá hinum samningsaðilanum sem er:
 - a) fjárfestir sem hyggst koma á, þróa, annast

regards the management, maintenance, use, enjoyment or disposal of investments.

Article 3

National and Most-Favoured-Nation Treatment

1. Each Contracting Party shall in its territory accord to investments and returns of investors of the other Contracting Party treatment which is fair and equitable and not less favourable than that which it accords to investments and returns of its own investors or to investments and returns of investors of any third State, whichever is more favourable.
2. Each Contracting Party shall in its territory accord to investors of the other Contracting Party, as regards management, maintenance, use, enjoyment or disposal of their investment, treatment which is fair and equitable and not less favourable than that which it accords to its own investors or to investors of any third State, whichever is more favourable.
3. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not be construed so as to oblige one Contracting Party to extend to the investors of the other Contracting Party and their investments special rights accorded to nationals or investments of nationals of any third state by virtue of an agreement establishing a free-trade area, a customs union, a common market, a common labour market or a regional economic integration.
4. The provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article shall not be applicable to tax measures. Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of either Contracting Party derived from any tax convention. In the event of any inconsistency between the provisions of this Agreement and any tax convention, the provisions of the latter shall prevail.

Article 4

Entry and Sojourn

1. Subject to the application of either Contracting Party's laws, regulations and procedures, either Contracting Party shall grant temporary entry, stay and authorisation to work and provide any necessary confirming documentation to a natural person of the other Contracting Party who is:
 - a) an investor who seeks to establish, devel-

eða veita ráðgjöf eða nauðsynlega tækniþjónustu vegna reksturs fyrirtækis á landsvæði hins samningsaðilans sem fjárfestirinn hefur veitt umtalsverðu fjármagni til, eða

- b) starfsmaður sem er ráðinn hjá fyrirtæki, eins og um getur í a-lið hér að framan, eða hjá fjárfesti sem stjórnandi og tækni- maður í lykilstöðu,

svo fremi sem sá einstaklingur uppfyllir kröfur þessarar greinar.

2. Samningsaðilar skulu, hvor um sig, veita bráðabirgðaleyfi til komu og dvalar og gefa út nauðsynleg staðfestingarskjöl til handa maka og ófullveðja börnum einstaklings sem hefur fengið bráðabirgðaleyfi til komu og dvalar og til þess að stunda atvinnu í samræmi við 1. mgr. hér að framan. Makinn og hin ófullveðja börn skulu fá dvalarleyfi til jafnlangs tíma og fyrrnefndur einstaklingur.
3. Samningsaðilar skulu, hvor um sig, veita maka einstaklings, sem hefur fengið bráðabirgðaleyfi til komu og dvalar og til þess að stunda atvinnu í samræmi við 1. mgr. hér að framan, atvinnuleyfi. Makinn skal fá leyfi til jafnlangs tíma og fyrrnefndur einstaklingur.
4. Hvorugur samningsaðili má synja um komu- eða dvalarleyfi, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., eða atvinnuleyfi, sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr., af ástæðum er varða þarfir, greiningu eða fjöldatakmarkanir sem eiga skylt við vinnumarkaðinn eða efnahagslífið að öðru leyti og um getur í innlendum lögum, reglum og málsmeðferðarreglum.
5. Hvorugur samningsaðili má krefjast þess að fyrirtæki í landi hans, sem er fjárfesting fjárfestis hins samningsaðilans, tilnefni einstaklinga af tilteknu þjóðerni sem framkvæmdastjóra, stjórnendur eða stjórnarmenn.

5. gr.

Skaðabætur.

1. Fjárfestum annars hvors samningsaðilans, sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum á landsvæði hins samningsaðilans er stafar af stríði, vopnuðum átökum, neyðarástandi í landinu, uppreisn, uppnámi, óeirðum eða af öðru álíka ástandi, skal veitt sú meðferð af hálfu hins síðarnefnda, að því er varðar endurheimt, skaðleysisgreiðslur, skaðabætur eða

op, administer or provide advice or essential technical services to the operation of an enterprise in the territory of the other Contracting Party to which the investor has committed a substantial amount of capital, or

- b) an employee employed by an enterprise referred to in a) above, or by an investor as key managerial and technical personnel,

so long as that person continues to meet the requirements of this Article.

2. Either Contracting Party shall grant temporary entry and stay and provide any necessary confirming documentation to the spouse and minor children of a natural person who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work in accordance with paragraph 1 above. The spouse and minor children shall be admitted for the period of stay of that person.
3. Either Contracting Party shall grant authorisation to work to the spouse of the person who has been granted temporary entry, stay and authorisation to work in accordance with paragraph 1 above. The spouse shall retain the authorisation for the period of stay of that person.
4. Neither Contracting Party may deny entry and stay as provided for in paragraph 1 and paragraph 2, or authorisation to work as provided for in paragraph 1 and paragraph 3 of this Article, for reasons relating to labour market or other economic needs, tests or numerical restrictions in national laws, regulations and procedures.
5. Neither Contracting Party may require that an enterprise of a Contracting Party that is an investment of an investor of the other Contracting Party appoints as executives, managers and members of boards of directors individuals of any particular nationality.

Article 5

Compensation for Losses

1. Where investments of investors of either Contracting Party suffer losses owing to war, armed conflict, a state of national emergency, revolt, insurrection, riot or other similar events in the territory of the other Contracting Party, such investors shall be accorded by the latter Contracting Party treatment, as regards restitution, indemnification, com-

annað uppgjör, sem ekki er óhagstæðari þeirri sem hinn síðarnefndi samningsaðili veitir eigin fjárfestum eða fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skulu fjárfestar annars samningsaðilans, sem í hverju því tilviki sem um getur í þeirri málsgrein verða fyrir tjóni á landsvæði hins samningsaðilans sakir þess:

- a) að her eða yfirvöld síðarnefnda samningsaðilans krefjast eigna þeirra með valdbóði, eða
- b) að her eða yfirvöld síðarnefnda samningsaðilans eyðileggja eignir þeirra án þess að slík eyðilegging hafi stafað af hernaðarátökum eða verið nauðsynleg vegna ríkjandi ástands,

endurheimta eignir sínar eða fá sanngjarnar og réttmætar bætur fyrir tjón sem þeir verða fyrir meðan hald er lagt á eignir þeirra eða vegna þess að þær eru eyðilagðar. Greiðslur, sem þannig eru til komnar, skulu vera yfirfæranlegar án tafar og án takmarkana í gjaldmiðli sem er skiptanlegur án takmarkana.

6. gr.

Eignarnám.

1. Óheimilt er að þjóðnýta fjárfestingar fjárfesta annars hvors samningsaðila á landsvæði hins, taka þær eignarnámi eða gera ráðstafanir gagnvart þeim er hafa sömu áhrif og þjóðnýting eða eignarnám (hér á eftir nefnt „eignarnám“), nema í almannapágu. Framkvæma ber eignarnám samkvæmt tilhlýðilegri framkvæmd laga og án mismununar og samfara því skal gera ráðstafanir til þess að greiða skilagóðar, nægilegar og skilvirkar bætur. Bætur skulu nema andvirði fjárfestingar, sem er tekin eignarnámi, rétt áður en eignarnám er framkvæmt eða almennt verður kunnugt um fyrirhugað eignarnám og skulu þær með taldir vextir frá þeim degi sem eignarnám er framkvæmt. Bætur skal greiða án tafar og skulu þær vera innleysanlegar í raun og yfirfæranlegar án takmarkana í gjaldmiðli sem er skiptanlegur án takmarkana.
2. Viðkomandi fjárfestir skal eiga rétt á að dómstóll eða annað óháð yfirvald samningsaðilans, sem á landsvæði þar sem hann hefur fjárfest, endurskoði án tafar mál hans og matið á verðgildi fjárfestingar hans í samræmi við meginreglur þessarar greinar.

pensation or other settlement, not less favourable than that which the latter Contracting Party accords to its own investors or to investors of any third State.

2. Without prejudice to paragraph 1 of this Article, investors of one Contracting Party who in any of the events referred to in that paragraph suffer losses in the territory of the other Contracting Party resulting from:

- a) requisitioning of their property by the forces or authorities of the latter Contracting Party, or
- b) destruction of their property by the forces or authorities of the latter Contracting Party which was not caused in combat action or was not required by the necessity of the situation,

shall be accorded restitution or just and adequate compensation for the losses sustained during the period of the requisitioning or as a result of the destruction of the property. Resulting payments shall be freely transferable in a freely convertible currency without delay.

Article 6

Expropriation

1. Investments of investors of either Contracting Party shall not be nationalized, expropriated or subjected to measures having effect equivalent to nationalization or expropriation (hereinafter referred to as “expropriation”) in the territory of the other Contracting Party except for a public purpose. The expropriation shall be carried out under due process of law, on a non-discriminatory basis and shall be accompanied by provisions for the payment of prompt, adequate and effective compensation. Such compensation shall amount to the value of the investment expropriated immediately before expropriation or impending expropriation became public knowledge, shall include interest from the date of expropriation, shall be made without delay, be effectively realizable and be freely transferable in a freely convertible currency.
2. The investor affected shall have a right to prompt review by a judicial or other independent authority of that Contracting Party in which territory the investment has been made, of his or its case and of the valuation of his or its investment in accordance with the principles set out in this Article.

7. gr.
Yfirfærslur.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að yfirfærslur greiðslna, sem tengjast fjárfestingum og ágóða, geti farið fram. Yfirfærslur skulu vera í gjaldmiðli sem er skiptanlegur án takmarkana og skulu fara fram án takmarkana og ástæðulausrar tafar. Til slíkra yfirfærslna teljast einkum, þó ekki einvörðungu:
 - a) stofnfé og viðbótarfjárhæðir til að viðhalda fjárfestingunni eða auka hana;
 - b) hagnaður, vextir, arðgreiðslur og aðrar hlaupandi tekjur eða ágóði;
 - c) greiðslur sem fram fara samkvæmt samningi, þar með talið lánsamningi;
 - d) greiðslur samkvæmt höfundarrétti eða einkaleyfi eða þóknanir;
 - e) afkrstur af sölu eða uppgjöri fjárfestingar, allrar eða að hluta;
 - f) laun starfsmanna sem eru fengnir erlendis frá og eru ráðnir og hafa leyfi til að starfa í tengslum við fjárfestingu á landsvæði hins samningsaðilans;
 - g) bótagreiðslur skv. 5. og 6. gr. og greiðslur í kjölfar lausnar deilumáls skv. 10. gr.
2. Gengi er, að því er varðar samning þennan, gildandi markaðsgengi fyrir yfirstandandi viðskipti á yfirfærsludegi, nema samið sé um annað.
3. Líta ber svo á að yfirfærslur hafi farið fram „án ástæðulausrar tafar“ í skilningi 1. mgr. þessarar greinar þegar þær hafa farið fram innan þess tímaskeiðs sem venjulega telst nauðsynlegt til þess að ganga frá slíkum yfirfærslum.
4. Ef miklir erfiðleikar stöðja að í tengslum við greiðslujöfnuð eða hætta er á slíkum erfiðleikum er hvorum samningsaðila sem er heimilt að takmarka yfirfærslur tímabundið, að því tilskildu að hann grípi til ráðstafana eða hrindi í framkvæmd áætlun í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðanir. Gæta ber jafnræðis þegar þessum takmörkunum er komið á og það skal gera án mismununar og í góðri trú.

8. gr.
Gagnsæi.

Samningsaðilar skulu, hvor um sig, birta án tafar eða gera öllum aðgengileg með öðrum hætti lög sín, reglur, málsmeðferðarreglur og stjórn-

Article 7
Transfers

1. The Contracting Parties shall guarantee the transfer of payments related to investments and returns. The transfers shall be made in a freely convertible currency, without any restriction and undue delay. Such transfers shall include in particular, though not exclusively:
 - a) the initial capital and additional amounts to maintain or increase the investment;
 - b) profits, interest, dividends and other current income or returns;
 - c) payments made under a contract including a loan agreement;
 - d) royalties or fees;
 - e) proceeds of sale or liquidation of all or part of the investment;
 - f) the earnings of personnel engaged from abroad who are employed and allowed to work in connection with an investment in the territory of the other Contracting Party;
 - g) payments of compensation under Article 5 and Article 6 and payments arising from the settlement of a dispute under Article 10.
2. For the purpose of this Agreement, exchange rate shall be the prevailing market rate for current transactions at the date of transfer, unless otherwise agreed.
3. Transfers shall be considered to have been made “without any undue delay” in the sense of paragraph 1 of this Article when they have been made within the period normally necessary for the completion of the transfer.
4. In case of serious balance of payments difficulties or the threat thereof, each Contracting Party may temporarily restrict transfers provided that such a Contracting Party implements measures or a programme in accordance with internationally recognized standards. These restrictions should be imposed on an equitable, non-discriminatory and in good faith basis.

Article 8
Transparency

Either Contracting Party shall promptly publish, or otherwise make publicly available, its laws, regulations, procedures and administrative

sýsluúrskurði, ásamt dómsúrskurðum sem hafa almenna skírskotun og kunna að hafa áhrif á framkvæmd samnings þessa.

9. gr.

Aðilaskipti.

1. Greiði samningsaðili eða stofnun, sem hann tilnefnir, sínum eigin fjárfesti fé samkvæmt skaðleysisfirlýsingu, tryggingu eða váttryggingarsamningi, sem er gerður með tilliti til fjárfestingar fjárfestis þess samningsaðila á landsvæði hins samningsaðilans, skal síðarnefndi samningsaðilinn viðurkenna:
 - a) yfirfærslu réttinda eða krafna fjárfestisins, hvort sem er samkvæmt lögum eða löglegum viðskiptum í landi síðarnefnda samningsaðilans, til fyrrnefnda samningsaðilans eða þeirrar stofnunar sem hann tilnefnir, og
 - b) að fyrrnefndi samningsaðilinn eða stofnunin, sem hann tilnefnir, geti þar með, á grundvelli aðilaskipta, haldið fram réttindum og kröfum fjárfestisins og skuli taka á sig þær skuldbindingar sem af fjárfestingunni leiðir.
2. Réttindin eða kröfurnar, sem aðilaskiptin varða, skulu ekki verða meiri en hin upphaflegu réttindi eða kröfur fyrrnefnds fjárfestis.

10. gr.

Lausn deilumála vegna fjárfestingar sem rísa milli samningsaðila og fjárfestis hins samningsaðilans.

1. Deilur, sem kunna að rísa milli fjárfestis annars samningsaðila og hins samningsaðilans í tengslum við fjárfestingu á landsvæði þess síðarnefnda, skal leysa með samningaviðræðum deiluaðila. Ef deila kemur upp skal fjárfestirinn tilkynna samningsaðilanum, sem á landsvæði þar sem fjárfest var, skriflega um hana og láta í té ítarlegar upplýsingar.
2. Ef ekki er unnt að leysa slíka deilu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. innan sex mánaða frá dagsetningu skriflegrar tilkynningar á fjárfestirinn rétt á að leggja málið fyrir til lausnar, að eigin vali, hjá:
 - a) bærum dómstóli eða stjórnarsýsludómstóli þess samningsaðila sem er aðili að deilunni;
 eða

rulings and judicial decisions of general application which may affect the operation of this Agreement.

Article 9

Subrogation

1. If a Contracting Party or its designated agency makes a payment to its own investor under an indemnity, guarantee or contract of insurance given in respect of an investment of an investor of that Contracting Party in the territory of the other Contracting Party, the latter Contracting Party shall recognize:
 - a) the assignment, whether under the law or pursuant to a legal transaction in the latter Contracting Party, of any right or claim by the investor to the former Contracting Party or its designated agency, as well as,
 - b) that the former Contracting Party or its designated agency is entitled by virtue of subrogation to exercise the rights and enforce the claims of that investor and shall assume the obligations related to the investment.
2. The subrogated rights or claims shall not exceed the original rights or claims of the investor.

Article 10

Settlement of Investment Disputes between a Contracting Party and an Investor of the other Contracting Party

1. Any dispute which may arise between an investor of one Contracting Party and the other Contracting Party in connection with an investment in the territory of that other Contracting Party shall be subject to negotiations between the parties to the dispute. In the event of a dispute, the Contracting Party in whose territory the investment was made shall be notified in writing, including detailed information, by the investor.
2. If such dispute cannot be settled according to the provisions of paragraph 1 within a period of six months from the date of the written notification, the investor shall be entitled to submit the case, at his choice, for settlement to:
 - a) the competent court or administrative tribunal of the Contracting Party which is the party to the dispute;
 or

- b) Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum (ICSID), að teknu tilliti til gildandi ákvæða samnings um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja sem var lagður fram til undirritunar í Washington D.C. 18. mars 1965;

eða

- c) gerðardómsmanni eða sérstökum alþjóðlegum gerðardómi sem er komið á fót samkvæmt gerðardómsreglum nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan verslunarrett (UNCITRAL). Deiluaðilum er heimilt að gera skriflegt samkomulag um breytingar á reglum þessum.

Niðurstaða gerðardóms skal vera endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila og henni skal fullnægt samkvæmt landslögum þess samningsaðila sem er aðili að deilunni.

11. gr.

Lausn deilumála milli samningsaðila.

1. Deilur milli samningsaðila um túlkun eða beitingu samnings þessa skal, eftir því sem unnt er, leysa með samráði eða samningaviðræðum.
2. Takist ekki að leysa deilu með þessum hætti innan sex mánaða skal hún, að kröfu annars hvors samningsaðila, lögð fyrir gerðardóm í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
3. Gerðardóminum skal komið á fót í hverju máli fyrir sig með eftirfarandi hætti: Innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni um gerðardómsmeðferð skal hvor samningsaðili skipa einn mann í gerðardóminn. Skulu þeir tveir síðan velja ríkisborgara þriðja ríkis er skal skipaður formaður gerðardómsins (hér á eftir nefndur „formaður“) með samþykki beggja samningsaðila. Skal formaður skipaður innan þriggja mánaða frá því að hinir tveir gerðardómsmennirnir voru skipaðir.
4. Hafi nauðsynlegar skipanir ekki farið fram innan þeirra tímamarka, sem eru tilgreind í 3. mgr. þessarar greinar, er heimilt að fara þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé hann ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti hann ekki sinnt þessum starfa af öðrum ástæðum skal fara þess á leit við varaforseta

- b) the International Centre for Settlement of Investment Disputes (ICSID) having regard to the applicable provisions of the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of other States opened for signature at Washington D.C. on 18 March 1965;

or

- c) an arbitrator or international ad hoc arbitral tribunal established under the Arbitration Rules of the United Nations Commission on International Trade Law (UNCITRAL). The parties to the dispute may agree in writing to modify these Rules.

The arbitral awards shall be final and binding on both parties to the dispute and shall be enforceable in accordance with the domestic legislation of the disputing Contracting Party.

Article 11

Settlement of Disputes between the Contracting Parties

1. Disputes between the Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Agreement shall, if possible, be settled through consultations or negotiations.
2. If the dispute cannot be thus settled within six months, it shall upon the request of either Contracting Party be submitted to an Arbitral Tribunal in accordance with the provisions of this Article.
3. The Arbitral Tribunal shall be constituted for each individual case in the following way: Within two months of the receipt of the request for arbitration, each Contracting Party shall appoint one member of the Tribunal. These two members shall then select a national of a third State who on approval of the two Contracting Parties shall be appointed Chairman of the Tribunal (hereinafter referred to as the “Chairman”). The Chairman shall be appointed within three months from the date of appointment of the other two members.
4. If within the periods specified in paragraph 3 of this Article the necessary appointments have not been made, a request may be made to the President of the International Court of Justice to make the necessary appointments. If he happens to be a national of either Contracting Party, or if he is otherwise prevented from discharging the said function,

að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé varaforseti einnig ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti hann ekki sinnt starfanum skal þess farið á leit við þann dómara Alþjóðadómstólsins, sem gengur næstur að starfsaldri og ekki er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans, að hann annist þær skipanir sem þörf er á.

5. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu gerðardóms. Niðurstaða hans er bindandi. Hvor samningsaðili skal greiða kostnað vegna síns gerðardómsmanns og kostnað af flutningi máls síns fyrir gerðardómi. Kostnaður vegna formanns og annar kostnaður skal greiddur af báðum samningsaðilum að jöfnu. Gerðardómurinn setur sér starfsreglur.

12. gr.

Beiting annarra reglna og sérstakar skuldbindingar.

1. Ef samningur þessi og annar milliríkjasamningur, sem báðir samningsaðilar eru aðilar að, gilda á sama tíma um tiltekið mál skal ekkert í samningi þessum koma í veg fyrir að annar hvor samningsaðili eða fjárfestar hans, sem eiga fjárfestingar á landsvæði hins samningsaðilans, færi sér í nyt hver þau ákvæði sem eru máli viðkomandi meir til framdráttar.
2. Sé sú meðferð, sem annar samningsaðili hyggst veita fjárfestum hins samningsaðilans í samræmi við lög sín og reglur eða önnur sérákvæði samninga, hagstæðari en sú sem er veitt samkvæmt samningi þessum skal veita þá meðferð sem er hagstæðari.

13. gr.

Mikilvægir öryggishagsmunir.

Ekkert í samningi þessum skal túlka með þeim hætti að hindri annan hvorn samningsaðila í að gera ráðstafanir til þess að standa við skuldbindingar sínar um að viðhalda friði þjóða í milli eða öryggi eða vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína.

14. gr.

Gildissvið.

Ákvæði samnings þessa gilda um allar fjárfestingar sem fjárfestar annars samningsaðila leggja í á landsvæði hins samningsaðilans fyrir eða eftir gildistöku samnings þessa. Hann gildir þó ekki

the Vice-President shall be invited to make the necessary appointments. If the Vice-President also happens to be a national of either Contracting Party or is prevented from discharging the said function, the member of the International Court of Justice next in seniority who is not a national of either Contracting Party shall be invited to make the necessary appointments.

5. The Arbitral Tribunal shall reach its decision by a majority of votes. Such decision shall be binding. Each Contracting Party shall bear the cost of its own arbitrator and its representation in the arbitral proceedings; the cost of the Chairman and the remaining costs shall be borne in equal parts by both Contracting Parties. The Arbitral Tribunal shall determine its own procedure.

Article 12

Application of Other Rules and Special Commitments

1. Where a matter is governed simultaneously both by this Agreement and by another international agreement to which both Contracting Parties are parties, nothing in this Agreement shall prevent either Contracting Party or any of its investors who own investments in the territory of the other Contracting Party from taking advantage of whichever rules are more favourable to his case.
2. If the treatment to be accorded by one Contracting Party to investors of the other Contracting Party in accordance with its laws and regulations or other specific provisions of contracts is more favourable than that accorded by this Agreement, the more favourable treatment shall be accorded.

Article 13

Essential Security Interests

Nothing in this Agreement shall be construed to prevent either Contracting Party from taking measures to fulfil its obligations with respect to the maintenance of international peace or security or the protection of its essential security interests.

Article 14

Application

The provisions of this Agreement shall apply to all investments by investors of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party prior to or after the entry into

um ágreining eða deilur sem hafa risið fyrir gildistöku hans.

15. gr.
Breytingar.

Heimilt er, við gildistöku samnings þessa eða hvenær sem er eftir það, að breyta ákvæðum samnings þessa með þeim hætti sem skriflegt samkomulag kann að verða gert um milli samningsaðila. Slíkar breytingar skulu öðlast gildi í samræmi við ákvæði 1. mgr. 16. gr.

16. gr.
Gildistaka, gildistími og uppsögn.

1. Hvor samningsaðili skal tilkynna hinum um þegar meðferð þeirri, sem krafist er samkvæmt lögum hans fyrir gildistöku samningsins, er lokið. Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem seinni tilkynningin er dagsett.
2. Upphaflegur gildistími samnings þessa skal vera tíu ár. Eftir það skal hann gilda þar til tólf mánuðir eru liðnir frá þeim degi er annar hvor samningsaðili tilkynnir hinum skriflega um þá fyrirætlun sína að segja samningi þessum upp.
3. Hvað snertir fjárfestingar, sem lagt hefur verið í áður en uppsögn samnings þessa öðlast gildi, skulu ákvæði samnings þessa gilda áfram í tíu ár frá uppsagnardegi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í tvíriti í Vilnius hinn 20. ágúst 2002 á íslensku, litháísku og ensku og eru allir textar jafngildir.

Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands:
Dávíð Oddsson

Fyrir hönd lýðveldisins Litháens:
Algirdas Mykolas Brazauskas

the force of this Agreement. It shall, however, not be applicable to divergences or disputes which have arisen prior to its entry into force.

Article 15
Amendments

At the time of entry into force of this Agreement or at any time thereafter, the provisions of this Agreement may be amended in such a manner as may be agreed in writing between the Contracting Parties. Such amendments shall enter into force in accordance with the provisions of paragraph 1 of Article 16.

Article 16
Entry into Force, Duration and Termination

1. Each of the Contracting Parties shall notify the other of the completion of the procedures required by its law for bringing this Agreement into force. This Agreement shall enter into force on the date of the second notification.
2. This Agreement shall remain in force for an initial period of ten years. Thereafter, it shall remain in force until the expiration of a twelve month period from the date either Contracting Party notifies the other in writing of its intention to terminate this Agreement.
3. In respect of investments made prior to the termination of this Agreement, the provisions of this Agreement shall continue to be effective for a period of ten years from the date of termination.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned duly authorized have signed this Agreement.

DONE in duplicate at Vilnius this 20th day of August 2002 in the Icelandic, Lithuanian and English languages, all texts being equally authentic.

In case of any divergence of interpretation the English text shall prevail.

For the Republic of Iceland
Dávíð Oddsson

For the Republic of Lithuania
Algirdas Mykolas Brazauskas